



Skipulagsstofnun
b.t. Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
107 Reykjavík

Reykjanesbæ 9. janúar 2023

Efni: Rannsóknarborholur við Reykjanesvirkjun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 21. desember sl., þar sem óskað er umsagnar um matsskyldufyrirspurn vegna áformaðra borana á rannsóknaholum VAT-1 og RN-30/RN-17B við Reykjanesvirkjun.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur tekið til skoðunar þá þætti í tillögunni sem gætu helst átt við starfssvið embættisins.

Samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit eru jarðboranir starfsleyfisskyldar. Úrvinnsla, eftirlit og útgáfa starfsleyfis er á hendi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Sækja þarf um starfsleyfi fyrir sitt hvorum borteignum.

Samkvæmt talningu Markaðsstofu Reykjanes og Reykjanes Geopark sækja árlaga u.þ.b. 35.000 – 80.000 manns Gunnuhver og Reykjanesvíta heim. Um er að ræða einstaklinga á bifreiðum, gangandi eða hjólandi og liggja þar leiðir að mestu fram hjá borteig RN-30/RN-17B. Fjarlægð frá borteignum að Gunnuhver og Reykjanesvíta eru um 500 metrar, enn styttra er í bílastæði og áningarstað við Gunnuhver. Samkvæmt skipulagi er Gunnuhver og nánasta umhverfi og þjónustusvæði við Reykjanesvíta skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar 724/2008 um hávaða skal gætt að hljóðstig við dvalarsvæði á lóð sé undir 55 L_{Aeq} . Á kyrrlátu svæði skal hljóðstig í þéttbýli ekki fara yfir L_{den} 50 dB(A) og í dreifbýli ekki yfir L_{den} 40 dB(A). Líklegt þykir að hljóðstig muni fara yfir mörk innan reita deiliskipulags á skilgreindum afþreyingar- og ferðamannastöðum.

Þá má einnig leiða líkur að því að hljóðstig næst borteignum muni fara yfir heilsuspillandi viðmið og valda gangandi og hjólandi fólki óþægindum. Í 1.mgr. 8.gr. rgl. sömu reglugerðar kemur fram að forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða.

Mikilvægt er að ráðist sé í mótvægisaðgerðir vegna hávaða frá framkvæmdunum við borteig RN-30/RN-17B.

Embættið telur ekki að framkvæmdirnar séu líklegar til að hafa önnur umtalsverð umhverfisáhrif miðað við gefnar forsendur.



**Heilbrigðiseftirlit
Suðurnesja**

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telur nægilega gert grein fyrir þeim þáttum sem embættið tekur sérstaklega til skoðunar og gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina.


Virðingarfyllt,

J. Trausti Jónsson

J. Trausti Jónsson,
heilbrigðisfulltrúi.



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík



Reykjanesbær, 19. janúar 2023
Mál nr. 2022120391

Efni: Rannsóknarborholur við Reykjanesvirkjun - Beiðni um umsögn

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 13.1.2023 og staðfest á fundi bæjarstjórnar þann 17.1.2023

Umsögn um erindi HS Orku hf. matskyldufyrirspurn vegna rannsóknarborhola við Reykjanesvirkjun.

Umhverfis- og framkvæmdasvið telur að nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Ekki er tekin afstaða til þess hvort framkvæmdin fari í umhverfismat. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi sem er á starfssviði umsagnaraðila.

Með vísan til ákvæða stjórnisýslulaga nr.37/1993 er yður hér með bent á andmælarétt, þar sem þér er heimilt að tjá þig um málið innan 14 daga frá viðtöku þessa bréfs. Athugasemdir sendist á Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbær – merkt skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar.

Að auki er þér bent á að teljir þú að hér sé um að ræða ágreiningsmál milli þín og embættisins, getur þú vísað málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. lög nr. 130/2011. Kærufrestur er almennt einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt um, eða mátti vera kunnugt um. Þá ákvörðun sem kæra skal.

Ofangreint tilkynnist hér með
f.h. Reykjanesbæjar

Ráðhús Reykjanesbæjar
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. janúar 2023
Tilvísun: OS2022120071/22.2
Skjalnr: 390192

Efni: Umsögn Orkustofnunar um matsskyldufyrirspurn vegna rannsóknarhola við Reykjanesvirkjun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags 21. desember 2022, þar sem óskað var umsagnar Orkustofnunar um tilkynningu HS Orku um fyrirspurn um matsskyldu vegna rannsóknarhola VAT-1 og RN-30/RN-17B við Reykjanesvirkjun í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021.

Skv. erindi Skipulagsstofnunar skal koma fram eftir því sem við á, hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Orkustofnun hefur kynnt sér tilkynningu HS Orku. Í gildi er virkjunarleyfi fyrir Reykjanesvirkjun (OS-2011-L013-01) en fyrirhugaðar rannsóknarholur eru fyrir utan það svæði sem leyfið tekur til. Ekki er í gildi rannsóknarleyfi á svæðinu en það er ekki krafa til að heimilt sé að framkvæma rannsóknarboranir skv. lögum um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu nr. 57/1998.

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við framlagða matsskyldufyrirspurn.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra

María Guðmundsdóttir
Verkefnastjóri

Sigurjón Njarðarson
Lögfræðingur

Rafræn undirskrift hér að neðan

Rafræn undirskrift hér að neðan

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 23. janúar 2023
Málsnúmer: 202212-0034
SS/LA

Efni: Umsögn um matsskyldufyrirspurn HS Orku hf. um rannsóknarholur VAT-1 og RN-30/RN-17B við Reykjanesvirkjun

Vísað er til tölvubréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 21. desember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynningu á framkvæmd HS Orku hf. á nýjum rannsóknarholum (VAT-1 og RN-30/RN-17B) við Reykjanesvirkjun.

Um tvær nýjar rannsóknarborholur er að ræða við núverandi vinnslusvæði á Reykjanesi og er megin tilgangur að rannsaka hvort svæðið sé ákjósanlegt fyrir niðurdælingu og að rannsaka möguleika á að nýta jarðhita úr öðru misgengi sem liggur utan við núverandi vinnslusvæði þ.e. svonefnt „miðkerfi“ en það er talið fullnýtt.

Fyrirhugaðir borteigir, VAT-1 og RN-30/RN-17B eru staðsettir innan skilgreinds iðnaðarsvæðis samkvæmt Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015-2030. VAT-1 er utan núverandi nýtingarsvæðis, suður af Gráa lóninu og er þörf á nýjum aðkomuveg sem og nýjum borteig, um 5400 fermetra að stærð. RN-30/RN-17B er staðsett innan núverandi nýtingarsvæðis og nýtist aðkomuvegur og eldra borplan fyrir þá holu en þó er þörf á stækkun borplansins um 1000 fermetra samkvæmt framkvæmdalýsingu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tilkynninguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Eins og fram hefur komið í fyrri umsögnum Náttúrufræðistofnunar er varða Reykjanesvirkjun er hún staðsett á svæði með umtalsvert verndargildi vegna jarðminja, landslags og lífríkis. Svæðið er á núgildandi náttúruverndaráætlun nr. 106: Reykjanes, Eldvörp og Hafnarberg og var einnig á samþykktri náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem svæði sem ætti að friðlýsa. Ekkert hefur orðið af því en umfang iðnaðarstarfsemi á svæðinu farið vaxandi og er það í dag mjög raskað og verndargildi þess hefur rýrnað umtalsvert þó enn finnist merkar jarðminjar á svæðinu auk þess sem virk landmótun er vissulega enn að hafa mikil áhrif.

Náttúrufræðistofnun hefur áður bent á verndargildi jarðhitasvæðisins á Reykjanesi í samantekt stofnunarinnar á verndargildi háhitasvæða landsins. Erlendis eru háhitasvæði ekki algeng og því hefur sérhvert óraskað eða lítt raskað háhitasvæði mjög hátt verndargildi á alþjóðlegum mælikvarða.

Þá er virkjunarsvæðið innan Reykjanesjarðvangs sem nýtur viðurkenningar UNESCO.

Náttúrufræðistofnun hefur einnig bent á í fyrri umsögnum, m.a. í umsögn dags. 19. maí 2021, um matsskyldu rannsóknarborholu HAL-3, að það skorti að skilgreina heildarnýtingarsvæði Reykjanesvirkjunar eftir því sem virkjunin stækkar og þróast. Krafa er sett í reglugerð um virkjunarkosti í verndar og orkunýtingaráætlun (30/2014) er varðar jarðhitakosti, að tilgreina þurfi mörk nýtingarsvæðis og eftir því sem við á staðsetningu, útlínur og hæð helstu



mannvirkja, borholur, pípulagnir, efnistökuástandi og stöðvarhús. Náttúrufræðistofnun telur að uppfæra eigi slíkar upplýsingar um nýtingarsvæðið.

Í tilfalli rannsóknarborhola VAT-1 og RN-30/RN-17B eru þær staðsettar innan skilgreinds iðnaðarsvæðis og að hluta til er verið að nýta innviði sem eru til staðar m.a. borplan að stærstum hluta fyrir RN-30/RN-17B. Heppilegra hefði verið ef ekki þyrfti að stækka borplanið. Fyrir borholu VAT-1 er þörf á nýju borplani og nýjum aðkomuveg og ljóst að óafturkræft rask verður á vernduðu hrauni. Það kemur skýrt fram í tilkynningunni. Greint er frá hönnunarútfærslum við vegagerð sem geta bætt upp ásýndaáhrif á hraunið en að öðru leyti er ljóst að raskið verður varanlegt og á svæði sem lítið hefur verið raskað áður fyrir utan tilvist Gráa lónsins. Svæðið nálægt VAT-1 er mjög þakið alaskalúpínu og því ekki um viðkvæmt gróðurfar að ræða sem verður fyrir raski. Mikilvægt er að koma í veg fyrir frekari dreifingu lúpínunnar inn á öröskuð hraun.

Ekkert er fjallað um í tilkynningunni hvort einhver áhrif geti orðið af rannsóknarborholunum á stöðu grunnvatns og grunnvatnsrennsli á svæðinu. Að öðru leyti er ágætlega greint frá umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og því ekki séð að mat á umhverfisáhrifum fyrir þessa einstöku framkvæmd muni bæta miklu við. Náttúrufræðistofnun telur því framkvæmdina ekki vera matsskylda.

Hins vegar vill Náttúrufræðistofnun ítreka að stöðug sókn í viðbótarholur fyrir Reykjanesvirkjun bendi til þess að jarðhitakerfið sem virkjunin reidir sig á annar ekki á fullnægjandi hátt þeirri eftirspurn sem aukin áformuð iðnaðarstarfsemi á svæðinu kallar eftir. Náttúrufræðistofnun telur grundvallaratriði að því sé svarað hvort jarðvarmanýting úr jarðhitakerfinu á Reykjanesi sé sjálfbær eða ofnýtt. Almenn er talið að jarðvarmavirkjanir geti enst í allt að 50 ár með sjálfbærri nýtingu en eftir 15 ára nýtingu á Reykjanesi er vinnslusvæðið að því er virðist fullnýtt. Rannsóknarboranir utan “miðkerfis” hafa ekki skilað miklum árangri hingað til. Er eftir meiru að sælast á svæðinu? Og réttlætir það frekara rask á verðmætum jarðminjum?

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að svo stöddu.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs





Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 25. janúar 2023
UST202212-206/B.S.
10.05.08

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsskyldufyrirspurn – Rannsóknarborholur við Reykjanesvirkjun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 21. desember 2022 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að bora tvær holur við núverandi vinnslusvæði og er önnur þeirra utan skilgreinds vinnslusvæðis. Markmið framkvæmdarinnar er tvíþætt. Annars vegar að bora nýja niðurdælingarholu sem ætlað er veita þrýstistuðning til að efla vatnshluta háhitakerfisins. Hins vegar að rannsaka möguleika á nýtingu utan við núverandi vinnslusvæði þar sem talið er að svokallað Miðkerfi sé nú fullnýtt og því lítill ávinningur að bora fleiri holur á sama svæði. Borun þarna gæti mögulega nýst sem vinnsluhola eða til frekari niðurdælingar til að ná betra jafnvægi í kerfinu milli vinnslu annars vegar og náttúrulegs innflæðis og niðurdælingar hins vegar.

Aðkoma að borholunum verður frá Reykjanesvitavegi og eru aðkomuleiðir stuttar en aðrar framkvæmdir eru hefðbundnar s.s. gerð borteigs og lagningu skolvatnslagnar. Önnur holanna verður boruð frá borteig sem þegar er til staðar. Í gildandi deiliskipulagi eru skilmálar vegna mannvirkjagerðar sem miða að því að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda og gerðar verða enn frekari kröfur um vandaðan frágang við fyrirhugaðar framkvæmdir sem að mati Umhverfisstofnunar eru mjög góðar.

Hér er um að ræða viðbót við núverandi mannvirki. Ánægjulegt er að sjá að gerðar verða meiri kröfur um frágang en í deiliskipulagi.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Porkelsdóttir,
sérfræðingur



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skýpulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 25. janúar 2023
Mf202301-0187/ 6.07 / K.M.

Efni: Rannsóknarborholur VAT-1 og RN-30/RN-17B við Reykjanesvirkjun.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 21. des. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

HS Orka hf. áformar að bora tvær rannsóknarborholur við núverandi vinnslusvæði á Reykjanesi, annars vegar VAT-1 og hins vegar RN-30/RN-17B. Fyrirhuguð staðsetning borteiganna beggja eru innan skilgreinds iðnaðarsvæðis samkvæmt aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015 – 2030. Á deiliskipulagi svæðisins er RN-30/RN-17B í samræmi við skipulag en VAT-1 lendir fyrir utan skilgreint vinnslusvæði.

Í kafla 6 í skýrslu HS Orku kemur fram að framkvæmdin feli í sér uppbyggingu borteigs sem stenst kröfur sem gerðar eru fyrir borinn Þór hjá Jarðborunum, borun jarðhitaholu, lagningu skolvatnslagna að og frá bortæki, afkastamæling borholu og slóðagerð frá Reykjanesvitavegi. Að borteigi er lögð bráðabirgða vatnslögn úr plasti á yfirborði ásamt rafstreng fyrir borinn. Stærð framkvæmdarsvæðis, þ.e. borteigar og aðkomuvegur er um 7340 m².

Núverandi borteigur við holu RN-30/RN-17B er um 6000 m². Vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að stækka hann um u.þ.b. 1000 m². Áætluð stærð nýs teigs fyrir VAT-1 er 5.400 m².

Í skýrslu HS Orku kemur fram að aðkoma er nú þegar að borteigi RN-30/RN-17B frá Reykjanesvitavegi og að ekkert þarf að aðhafast né lagfæra núverandi aðkomu að borgteignum. Aðkoma fyrir VAT-1 verður einnig frá Reykjanesvitavegi eftir 150-250 m vegslóða. Lega vegarins er sýnd á mynd 4.1 í skýrslunni. Byggja þarf upp veg fyrir nauðsynlega umferð og þungaflutninga að borteig. Í skýrslunni segir að val á efnisnámu vegna vegagerðarinnar muni fara fram við gerð verksamnings við

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisjástugi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisjástulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðili var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

jarðvinnuverktaka og að sett verði skilyrði í útboðslýsingu um að náma sé með tilskilin leyfi.

Fjallað er um fornleifar í kafla 7.7 í skýrslu HS Orku. Þar er vitnað í fornleifaskráningu frá árinu 2008 og fram kemur að engar fornleifar séu skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Fyrirhugaðar framkvæmdir séu í nokkurri nálægð við fornminjar en að áhrif þeirra á fornleifarnar séu taldar óverulegar. Fornleifar við báða borteiga verði merktar á framkvæmdartíma til að tryggja öryggi þeirra. Staðsetning og útlínur fornleifanna og borholanna er sýnd á mynd 7.2. Ekki er fjallað um einstaka minjar í skýrslu HS Orku og ekki kemur fram í skýrslunni hvaða minjar eru næstar fyrirhuguð framkvæmdasvæði.

Árið 2021 kom út skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Deiliskráning fornleifa við Reykjanesvirkjun*. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir skráðum minjum á svæðinu sunnan við Gráa lónið. Upplýsingar um útlínur og staðsetning minja á mynd 7.2 í skýrslu HS Orku virðast vera fengnar úr skýrslu Fornleifastofnunar. Í skýrslu Fornleifaverndar ríkisinsin frá árinu 2008, *Umhverfi Reykjanesvirkjunar Fornleifaskráning*, er eftirfarandi umfjöllun um þessar minjar: *Mikill fjöldi minja er skráður á þessu svæði. Sunnan við hið svokallaða Gráa lón og milli þess og vegarins að Gunnuhver er svæði með fjölda garða sem virðast frá mismunandi tímum. Bæði er um að ræða grjót- og torfhlaðna garða. Sumir virðast vera uppmokstur í þeim tilgangi að mynda skjól innan ákveðins svæðis. Líklega er hér um að ræða matjurtagarða og ekki mjög gamla. Sumir eru enn í notkun og voru t.a.m. kartöflugrös í garði númer 373 er skrásetjari gekk um svæðið. Mögulega eru þó einhverjir garðanna allt frá fyrstu árum vitavarda á Reykjanesi. Nokkrar tóftir eru líka á þessu svæði en ekki er hægt að segja til um aldur þeirra eða tilgang þar sem engar heimildir fundust um þær.*


Eins og áður segir er fyrirhugað að stækka borteig við holu RN-30/RN-17B um u.þ.b. 1000 m². Ekki kemur fram í hvaða átt stækkunin verður. Minjastofnun vekur athygli á að fast suðvestan við núverandi borteig, milli hans og Reykjanesvitavegar, er kálgarður (GK-032:239) 28 x 17 m að stærð. Við suðaustur enda borteigsins lág áður gömul þjóðleið sem sést á herforingjaráðskorti Dana frá 1910. Núverandi aðkomuvegur að bílastæði við Gunnuhver hefur að öllum líkindum verið lagður ofan í gömlu leiðina. Við stækkun borteigsins þarf að gæta að því að kálgarðurinn raskist ekki. Merkja þarf kálgarðinn með greinilegum hætti á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá.

Engar minjar eru skráðar á því svæði þar sem aðkomuvegur að VAT-1 á að liggja. Gerði/kálgarður (GK-032:253) er um 50 m austan við þann stað þar sem fyrirhugað er að gera borteig fyrir VAT-1. Gerðinu er þannig lýst í skýrslu Fornleifastofnunar: *Kálgarðurinn er ferhyrndur og er 8,5 x 8,5 m að stærð. Veggir eru grjóthlaðnir úr stæðilegu*

hraungrýti en inni á milli má sjá smágrýti. Sjá má 1-2 umför í hleðslum sem eru 0,4 m á hæð. Ekkert op er í kálgarðinum og engin ummerki um beð sjást lengur innan hans. Merkja þarf kálgarðinn með greinilegum hætti á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá.

*Að því gefnu að gengið verði að skilyrðum Minjastofnunar Íslands, sem fram koma hér að ofan, telur stofnunin að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.***

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jakob Gunnarsson (jakob.gunnarsson@skipulag.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)